

Tilgangur og umfang.

Samþykki til að heimila ráðgjöfum í starfsendurhæfingu og sérfræðingum á vegum VIRK – Starfsendurhæfingarsjóðs aðgang að upplýsingum, vinnslu og miðlun þeirra vegna atvinnutengdrar starfsendurhæfingar á grundvelli laga nr. 60/2012.

Lýsing.

Upplýsingaöflun

Til þess að ráðgjafar og sérfræðingar á vegum VIRK geti veitt einstaklingi nauðsynlegan stuðning, þurfa þeir að afla viðeigandi upplýsinga um hann og ástæður skertrar vinnugetu. Þau gögn/upplýsingar sem um ræðir geta meðal annars verið:

- Spurningarlistar sem einstaklingur fyllir út og aðrar upplýsingar fengnar frá einstaklingi.
- Ýmis gögn útbúin í samvinnu ráðgjafa og sérfræðinga á vegum VIRK. Dæmi um slík gögn eru starfsendurhæfingaráætlanir, gögn vegna matsferils, upplýsingar um ástundun og mót.
- Upplýsingar/gögn frá læknum og öðru heilbrigðisstarfsfólki, endurhæfingaraðilum og öðrum sérfræðingum s.s. vottorð, skýrslur, niðurstöður mats og rannsókna.
- Upplýsingar/gögn frá heilbrigðis- og endurhæfingastofnunum, menntastofnunum og fræðsluaðilum, Tryggingastofnun ríkisins, Vinnumálastofnun, lífeyrissjóðum, félagsþjónustu eða öðrum þeim sem koma að þjónustu í starfsendurhæfingu sem og gögn frá sjúkrasjóði sem tengjast starfsendurhæfingarferlinu.

Sérfræðingar

Sérfræðingar sem VIRK getur leitað til vegna starfsendurhæfingar eru t.d. læknar, sálfræðingar, iðjuþjálfar, sjúkraþjálfarar, náms- og starfsráðgjafar eða félagsráðgjafar. Einnig ýmsir sérfræðingar sem starfa hjá sérhæfðum náms- og starfsendurhæfingaraðilum.

Hverjir hafa aðgang

Ráðgjafar og sérfræðingar sem koma að máli einstaklings hafa aðgengi að nauðsynlegum upplýsingum um hann. Lífeyrissjóðir, Tryggingastofnun ríkisins, læknar, meðhöndlandi sérfræðingar, Vinnumálastofnun, Félagsþjónusta og þeir fagaðilar sem koma að þjónustu við einstakling geta fengið upplýsingar um starfsendurhæfingaráætlun og starfsendurhæfingarferil einstaklingsins, tímabil þjónustunnar, ástundun og árangur sem og niðurstöður úr matsferli.

Fíkniefnaneysla

Ef upp kemur rökstuddur grunur um neyslu ávinabindandi lyfja eða fíkniefna sem hamlað geta árangri í endurhæfingu má VIRK fara fram á að heimilislæknir staðfesti að lyfjaávisanir til einstaklings séu með eðlilegum hætti og/eða að fíkniefnapróf styðji ekki grun um neyslu.

Vistun upplýsinga

Upplýsingar verða vistaðar og varðveittar með öruggum hætti í upplýsingakerfi VIRK.

Staðfesting

Með því að undirrita rafrænt, staðfestist að ég hef kynnt mér efni þessa upplýsta samþykkis og skil hvað í því felst og veiti VIRK samþykki mitt fyrir aðgangi, öflun og miðlun þeirra upplýsinga sem hér er lýst og með þeim takmörkunum sem hér er getið.

Heimilt er að afturkalla samþykki þetta í heild eða hluta á hvaða tíma sem er en slík afturköllun hefur ekki áhrif á lögmæti vinnslunnar fram að afturkölluninni.